

Ár 1982, mánudaginn 26. júlí, var í málinu nr. 4/1982 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 7. apríl 1982, óskuðu eigendur jarðanna Breiðumýrar, Fagurhóls, Forvaldsstaða hálfra og Leifsstaða í Selárdal í Vopnafirði eftir úrskurði og endurskoðun Yfirfasteignamatsnefndar varðandi "gjaldskyldu og gjaldstofn fasteignaskatts áðurnefndra jarða vegna laxveiða". Varðandi gjaldskylduna tóká kærendur fram, að álagning 4% hlunnindaskatts fái eigi staðist, bæði vegna þess að ekki sé um hlunnindi að ræða og vegna þess að skatturinn sé andstaður stjórnarskránni. Að því er til gjaldstofnsins tekur, þá telja kærendur mat á veiðitekjum alltof hátt, þar sem tekjur fari mjög lækkandi. Kærendur hafa rökstutt sjónarmið sín í áðurgreindu bréfi.


Umrædd kára hefur verið send Vopnafjarðarhreppi til umsagnar, en umsögn hefur ekki borist.

Ofangreind laxveiðihlunnindi eru ótvírætt hlunnindi bæði í skilningi 7.-9. gr. reglugerðar nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat og 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Ekki verður talið, að þessi hlunnindi umræðra jarða séu of hátt metin, enn sem komið er. Nefndin fellst á það með kærendum, að umræddur 4% hlunnindaskattur sé óeðlilegur og hæpinn frá sjónarmiði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hann byggist hins vegar á laga-reglu, sem eigi hefur verið hnekkt af dómstólum, og verður því ekki komist hjá því að leggja hana til grundvallar í úrskurði þessum.

Samkvæmt því, er að framan hefur verið rakið, verður ofangreind kára ekki tekin til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Ofangreind kára er ekki tekin til greina.


Gaukur Jónsson


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon